

Nd.

412. Breytingartillögur

við frumv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Flutningsm.: Pjetur Þórðarson.

1. Frumvarpsgreinin verði 1. gr.
2. Á eftir greininni komi ný grein, sem verði 2. gr. og hljóði svo:
40. gr. laganna orðist svo:

Nú liggur vegur, stigur eða götutroðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks, en einu býli eða fleirum er nauðsyn að nota slíkan veg til þess að komast á hreppsveg, sýsluveg eða þjóðveg, eða til að sækja þingstað, sóknarkirkju, skóla, kaupstað eða vitja lækni, og má þá landeigandi hafa girðingu yfir veginn, þó svo, að hlið sje á henni fyrir veginum og nauðsynleg umferð ekki hindruð á neinn hátt.